

**605. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 10. janúar 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 605 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál með málsnúmer 2301029, Borgað þegar hent er, verði tekið til afgreiðslu á fundinum. Var það samþykkt með fjórum atkvæðum, Jón Ingi Jónsson sat hjá.

**Dagskrá:**

**1. Byggðakvóti á fiskveiðiarinu 2022-2023 - 2212672**

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 12.12.2022 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023 samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022.

Mál frá 604. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 20.12.2022.

Lilja Magnúsdóttir, Jenný Lára Magnadóttir, Guðlaugur Jónsson og Jón Ingi Jónsson vöktu athygli á vanhæfi sínu við afgreiðslu þessa máls og viku þau af fundi við afgreiðslu þess. Sæti á fundinum við afgreiðslu málsins tóku varafulltrúarnir Magnús Óskar Hálfðánsson og Jónas Snæbjörnsson. Tveir varafulltrúar teljast vanhæfir við afgreiðslu málsins og voru því ekki kallaðir til fundar og sá þriðji var fjarstaddur og komst ekki til fundarins.

Varaoddviti, Jóhann Örn Hreiðarsson, tók við stjórn fundarins í þessu máli.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að sótt verði um að settar verði sérreglur um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar fiskveiðiaríð 2022/2023. Í sérreglunum verði í 4. gr. kveðið á um að 50/50-reglan verði látin gilda varðandi úthlutun veiðiheimilda, þ.e. að veiðireynsla gildi 50% en 50% skiptist jafnt á milli þeirra báta sem lönduðu sínum afla á Tálknafirði fiskveiðiaríð 2021/2022. Í 6 gr. verði ákvæði um vinnsluskyldu fellt út í ljósi þess að engin fiskvinnsla er á Tálknafirði og jafnframt sett inn skilyrði um að afli sem telst til byggðakvóta Tálknafjarðar verði landað í Tálknafjarðarhöfn.*

*Engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin á Tálknafirði. Því er full ástæða til að falla frá ákvæðum um vinnsluskyldu á þeim afla sem þar er landað sem byggðakvóta og þar með gefa útgerðaraðilum tók á því að fá sem best verð fyrir veiddan fisk. Slikt er líklegt til að efla í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu. Jafnframt byggir tillagan á því mati að mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutaðan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðiarí. Þá er mikilvægt að halda því til haga að tillagan útilokar ekki að útgerð*

*sem landar í Tálknafjarðarhöfn geti gert vinnslusamning við vinnslur í nágrannasveitarfélögum Tálknafjarðarhrepps. Rétt er að benda á að fordæmi eru fyrir því að ráðuneytið hafi samþykkt sérreglur varðandi niðurfellingu vinnsluskyldu fyrir önnur byggðalög þar sem aðstæður eru sambærilegar því sem er á Tálknafirði. Þar með ætti að vera ljóst að slíkt hið sama er hægt að gera í reglum um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar þar sem engin hefbundin fiskvinnsla er rekin og full rök eru að baki slíku ákvæði. Þá vill sveitarstjórn benda á að niðurfelling vinnsluskyldu eykur líkur á því að allur byggðakvóti fiskveiðiársins veiðist.*

**2. Siðareglur kjörinna fulltrúa - 2301028**

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Tálknafjarðarhreppi lagðar fram til umfjöllunar í samræmi við 29. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ekki sé ástæða til að að endurskoða gildandi siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Tálknafjarðarhreppi sem voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps 10.07.2013.*

**3. Rekstur tjaldsvæðis 2023 - 2301026**

Minnisblað með tillögu um málsmeðferð vegna ákvörðunar um rekstur tjaldsvæðis Tálknafjarðar árið 2023 dags. 10.01.2023 lagt fram á fundinum. Þar kemur fram tillaga um að sveitarstjórn feli atvinnu- og hafnarnefnd að undirbúa útboð á rekstri tjaldssvæðis á Tálknafirði og skili tillögum þess efnis fyrir síðari reglubundna fund sveitarstjórnar í febrúar sem fer fram 28.02.2023.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.*

**4. Viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027**

Minnisblað með tillögu um málsmeðferð vegna ákvörðunar um viðhald og slátt opinna svæða árið 2023 dags. 10.01.2023 lagt fram. Þar kemur fram tillaga um að sveitarstjórn feli umhverfis- og byggingarnefnd að fara yfir forsendur í viðhaldi og slætti opinna svæða á árinu 2023 og skuli nefndin skila tillögum þess efnis fyrir síðari reglubundna fund sveitarstjórnar í febrúar sem fer fram 28.02.2022.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.*

**5. Borgað þegar hent er - 2301029**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 29.12.2022 þar sem óskað er eftir sveitarfélögum til þátttöku í hraðli vegna innleiðingar á "Borgað þegar hent er"-kerfis. Jafnframt er lögð fram sameiginleg viljayfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar og einstaka sveitarfélaga dags. 09.01.2023 varðandi innleiðingu við heimili á borgað þegar hent er.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að rita undir framlagða viljayfirlýsingu fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.*

**6. Atvinnu- og hafnarnefnd - 38 - 2301001F**

Fundargerð 38. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.01.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

AM  
GA  
JLM  
764  
PP  
O-V  
30H

605. fundur  
10.01.2023

*Sveitarstjórn vottar aðstandendum Karls Ágústs Gunnarssonar, hafnarvarðar, innilega samúð vegna sviplegs fráfalls hans.*

- 6.1 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar
- 6.2 2212672 - Kvóti úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022 - 2023
- 6.3 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023
- 6.4 2202145 - Fundargerðir 2022 Hafnasamband

**7. Umsagnarbeiðni vegna tækifærisleyfis - 2212718**

Umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Vestfjörðum dags. 21.12.2022 vegna tækifærisleyfis vegna þorablóts 28.01.2023 í félagsheimilinu á Tálknafirði. Jafnframt lagt fram svar sveitarstjóra við beiðninni dags. 21.12.2022.

*Lagt fram.*

**8. Kór Menntaskólans á Laugarvatni - 2301001**

Erindi frá kór Menntaskólans á Laugarvatni dags. 02.01.2023 varðandi starfsemi kórsins.

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að styrkja kór Menntaskólans á Laugarvatni um kr. 20.000,- vegna ferðar hans til Ítalíu í apríl 2023 í ljósi þess að hluti kórfélaga kemur frá Tálknafjarðarhreppi. Jóhann Örn Hreiðarsson greiðir atkvæði á móti.*

**9. Strandgata/Tálknafjarðarvegur - 2111263**

Fundargerð fundar sem fór fram 15.12.2022 vegna verkloka á Strandgötu/Tálknafjarðarvegi (617-02) ásamt lokaúttekt verksins dags. 15.12.2022.

*Lagt fram.*

*Sveitarstjórn þakkar Vegagerðinni, starfsfólki hennar sem og verktaka gott samstarf í þessu verkefni.*

**10. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025**

*Rætt.*

**11. Fundargerðir 2022 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2202183**

Fundargerð 141. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 15.12.2022.

*Lagt fram.*

**12. Fundargerðir 2022 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2202125**

Fundargerð 139. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 19.12.2022.

*Lagt fram.*

**13. Fundargerðir 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2202142**

Fundargerð 916. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 14.12.2022.

AM 30th  
LF  
765  
Jum  
J.T.



605. fundur  
10.01.2023


*Lagt fram.*


Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:33.**

  
Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

  
Guðlaugur Jónsson (GJ)

  
Lilja Magnúsdóttir (LM)

  
Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

  
Jón Ingi Jónsson (JI)

  
Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)